



FÉLAG PRÓFESSORA  
Í HÁSKÓLA ÍSLANDS

Alþingi  
Erindi nr. P 136/606  
komudagur 18.12.2008

18. desember 2008

Menntamálanefnd Alþingis Íslendinga  
Nefndasvið Alþingis

Ályktun fundar Félags prófessora við ríkisháskóla, haldin í Öskju 16. desember 2008. Tillaga var samþykkt með þorra atkvæða.

Félag prófessora við ríkisháskóla mótmælir harðlega boðuðum niðurskurði fjárveitinga til Háskóla Íslands og þeim tillögum til niðurskurðar sem unnið er að innan skólans.

Háskóli Íslands veitir þegar hagkvæmustu menntun sambærilegra námsleiða við íslenska háskóla samkvæmt nýlegri skýrslu Ríkisendurskoðunar og hefur yfir að ráða kennurum og sérfræðingum í fremstu röð.

Boðaður niðurskurður ræðst helst gegn rannsóknum og framhaldsnámi við skólann, sem eru mikilvægustu vaxtarbroddar háskólastarfseminnar í landinu. Þá beinist boðaður niðurskurður helst gegn starfskjörum prófessora sem bera höfuðábyrgð á kjarnastarfsemi skólans, sem eru rannsóknir og kennsla.

Félag prófessora við ríkisháskóla krefst þess að leitað verði allra leiða til að verja og hlúa að kjarnastarfsemi Háskóla Íslands

Gísli Már Gíslason  
formaður

Samrit sent rektor Háskóla Íslands, Kristínu Ingólfssdóttur.